



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2022-2025

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
14. desember 2021

Inngangur

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2023–2025 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóðum. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í Eignasjóði gatna, Fasteignum Akureyrarbæjar og Umhverfismiðstöð er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna, gatna og hirðingu bæjarlandsins. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármögnuð eru með þjónustutekjum, en þau eru m.a. félagslegar íbúðir, bifreiðastæðasjóður, Strætisvagnar Akureyrar, Hafnasamlag Norðurlands, Hlíðarfjall og Norðurorka. Greinargerð með fjárhagsáætlun er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Efnisyfirlit

Vinnuferli fjárhagsáætlunar

Forsendur áætlunar

Fjárhagsáætlun

Framkvæmdir

Málaflokkayfirlit



Vinnuferli fjárhagsáætlunar

- **Bæjarstjórn** mótar stefnu og áherslur sem fjárhagsáætlun byggist á.
- **Bæjarstjóri** boðar bæjarstjórn, formenn fagráða og sviðsstjóra á vinnufund um áherslur fjárhagsáætlunar næsta árs.
- **Sviðsstjórar** og fagráð fjalla um og gera tillögur til bæjarráðs að breytingum á þjónustustigi, nýrri starfsemi og starfsemi sem hægt sé að leggja niður eða breyta.
- **Fagráð** fjalla um drög að starfsáætlun og vísar til bæjarráðs.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** leggur fram til bæjarráðs forsendur fjárhagsáætlunar og áætlar ráðstöfunarfé bæjarins og leggur fram tekjuáætlun.
- **Bæjarstjóri og formaður bæjarráðs** leggja fram tillögu í bæjarráði að skiptingu ráðstöfunarfjár næsta fjárhagsárs, annars vegar milli rekstrar og fjárfestinga og hins vegar skiptingu rekstrarfjárins niður í fjárhagsramma til einstakra málaflokka auk ramma til ófyrirséðra útgjalda. Skiptingin ræðst af áætluðu ráðstöfunarfé, útgjaldaþróun undanfarinna ára, fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, þriggja ára áætlun, fyrirliggjandi kjarasamningum svo og af stefnumótun bæjarstjórnar og áherslum.
- **Bæjarráð** samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
- **Bæjarstjóri** felur **sviðsstjórum** að ganga frá starfsáætlunum, launaáætlun, breytingum á gjaldskrá og tillögum í frumvarp að fjárhagsáætlun og leggja fyrir bæjarráð.
- **Sviðsstjóri**, sem fengið hefur fjárhagsramma, vinnur drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun í samvinnu við fagráð og sendir fjársýslusviði sem útbýr frumvarp fyrir bæjarráð. Skal sú vinna byggja á samstarfssamningi meirihluta hverju sinni og þeim fjármunum sem málaflokknum er úthlutað í fjárhagsramma.
 - Öll rekstrargjöld sem falla undir málaflokk skulu vera innan fjárhagsrammans.
 - Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig fjármunum málaflokksins verður varið þ.e. hvernig þeim skuli skipt milli stofnana málaflokksins og lýsir því hvernig rekstri málaflokksins verði fyrir komið innan rammans.
- **Bæjarráð** fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ráða í einstökum málaflokkum og þær breytingar á starfsemi sem í þeim felast. Bæjarráð getur óskað eftir að starfsáætlun sé endurunnin eða gert tillögu að breytingum.
- **Sviðsstjóri fjársýslusviðs** vinnur frumvarp að fjárhagsáætlun auk greinargerðar um frumvarpið og leggur fyrir bæjarráð.
- **Bæjarráð** fjallar um fjárhagsáætlanir sviða og vísar þeim til bæjarstjórnar.
- **Bæjarstjórn** fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlanir á tveimur fundum. Starfsáætlanir eru staðfestar í bæjarstjórn.



Forsendur áætlunar - Efnahagssumhverfi

Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2022 byggir á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í mars, spá bankanna sem og spá Seðlabankans.



Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 3,9% hagvexti árið 2021, 5,3% hagvexti árið 2022, 2,8% á árinu 2023 og 2,3% að jafnaði á árunum 2024-2026.




Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2022 verði 3,3% og 2,5% árin 2023-2025.



Kjarasamningar hafa verið gerðir við flest öll stéttarfélag. Gildistími flestra samninga er fram á árið 2023. Ósamið er við kennarastéttir en þeir samningar renna út í árslok 2021.



Þann 1. desember 2020 voru bæjarbúar 19.224. Íbúum hefur að meðaltali fjölgað um 0,8% á ári frá árinu 2008. Á árinu 2021 hefur fjölgað um 350 íbúa og áætlað er að íbúum muni fjölga um 1,2% eða um 250 manns á ári út áætlunartímabilið.





Forsendur áætlunar - Tekjur



Skatttekjur

- Útsvarsprósenta Akureyrarbæjar hefur verið 14,52% á árunum 2014-2021. Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts er óbreytt milli ára, 0,33% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis, 1,63% af öðru húsnæði og 1,32% af fasteignamati skóla, sjúkrahúsa, bókasafna og íþróttahúsa.



Framlög Jöfnunarsjóðs


- Akureyrarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignagjalda, grunnskóla, þjónustu við fatlaða, nýbúafræðslu o.fl.
- Áætlað er að framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2022 eru 3.800 m.kr.



Aðrar tekjur

- Almennt var gert ráð fyrir 4% hækkunum á gjaldskrárm í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára.

Fasteignamatsstofn árið 2022 (m.kr.)



● A-flokkur, íbúðarhúsnæði ● B-flokkur, opinbert húsnæði ● C-flokkur, atvinnuhúsnæði

Fasteignamatsstofn (m.kr.)

Ár	A- flokkur, íbúðarhúsnæði	B- flokkur, opinbert húsnæði	C- flokkur, atvinnuhúsnæði
2022	336.828	33.323	72.882
2021	329.144	30.829	67.834
2020	317.697	28.249	64.070
2019	281.900	26.100	58.800
2018	233.100	24.300	53.000
2017	204.750	23.215	49.265
2016	187.803	22.339	45.358



Forsendur áætlunar - Gjöld tengd launum

Laun, launatengd gjöld, persónu- og orlofsuppbót



- Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Í áætlun er gert ráð fyrir öllum þekktum breytingum á kjarasamningum sem verða á árinu 2022.

Nefndarlaun



- Nefndarlaun nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarlaunum sbr. reglur um laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks.
- Viðmiðunarfjárhæð nefndarlauna var lækkuð um 5% árið 2020 og fryst frá 1. janúar 2021 skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Stytting vinnuviku - Betri vinnutími



- Á árinu 2021 styttist vinnutími flestra starfsmanna utan grunnskólakennara, starfsfólks Tónlistaskólans, skólastjórnenda og slökkviliðsmanna.
- Starfsfólk slökkviliðs mun hefja styttingu á árinu 2022.
- Kostnaðarauki vegna betri vinnutíma vaktavinnufólks er að að meðaltali 7,1% þar sem ráða þarf fleiri starfsmenn til starfa.
- Enginn kostnaðarauki er áætlaður vegna styttingar vinnuviku dagvinnufólks.

Áætluð stöðugildi að meðaltali árið 2022



Stöðugildi A-hluta


1381



Stöðugildi B-hluta

132

Þróun launavísitölu



Launavísitala mælir mánaðarlegar breytingar á reglulegum launum á íslenskum vinnumarkaði og sýnir almenna launaþróun. -hagstofan.is




Forsendur áætlunar - Fasteignir og annar rekstrarkostnaður



Vísitala neysluverðs

- Vísitala til verðtryggingar er 514,5 stig í lok árs 2021 og gert er ráð fyrir að hún verði orðin 532 stig í árslok 2022.
- Meðalvísitala neysluverðs innan ársins 2022 er áætluð 523,1 stig en 503,2 stig árið 2021.
- Vísitala neysluverðs hefur áhrif á fjármagnsliði og húsaleigu í áætlun árána 2022-2025.



Annar rekstrarkostnaður

- Gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði árið 2022 og árið 2021 í öðrum rekstrarkostnaði.



Húsaleiga Fasteigna Akureyrarbæjar

- Umhverfis- og mannvirkjasvið annast rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna. Viðmiðunarleiga samanstendur af stofnverði eða raunkostnaði fjárfestingar, vaxtakjörum sveitarfélagsins, afskriftum, sköttum og tryggingum, viðhaldi húsa og lóða sem er 1%-4% af stofnverði sem og umsýslukostnaði sem er 0,5% af stofnverði.
- Húsaleiga framreiknast samkvæmt vísitölu neysluverðs.
- Áætlað er að tekjur Fasteigna Akureyrarbæjar á árinu 2022 verði 3.767 m.kr.



Afskriftir og afskriftatími

- Fasteignir og lóðir: 2,5%-4% - 25 - 40 ár
- Veitukerfi: 4% - 25 ár
- Vélar og tæki: 7%-33% - 3-15 ár
- Leigðar eignir: 4%-13% - 8-25 ár



Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða



Árið 2022 er gert ráð fyrir 1.222 m.kr. afgangi í A- og B-hluta fyrir fjármagnsliði og rekstrarniðurstaða áætluð 624 m.kr. í halla.



Gert er ráð fyrir batnandi afkomu til ársins 2025.



Heildareignir A- og B-hluta árið 2022 eru áætlaðar um 61.378 m.kr. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 37.688 m.kr. og eigið fé 23.690 m.kr.



Tekjur A- og B-hluta eru áætlaðar 27.297 m.kr. árið 2022 og skiptast í skatttekjur sem eru 53,3% af heildartekjum, framlög frá Jöfnunarsjóði 13,9% og aðrar tekjur 32,8%.




Gjöld A- og B-hluta eru áætluð 23.958 m.kr. Laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbinding nema 62,4% af heildargjöldum, annar rekstrarkostnaður 29,5% og afskriftir 8,1%.




Fjármagnsgjöld nema 1.801 m.kr.

Rekstrarniðurstaða


● Rekstrarniðurstaða ● Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða



Tekjur 2022



Gjöld 2022





Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Tekjur og gjöld á hvern íbúa

Tekjur og gjöld á hvern íbúa



• Tekjur á hvern íbúa hækka um 4,1-6,6% á ári út áætlunartímabilið.




• Gjöld á hvern íbúa hækka um 1,6-6,5% á ári á tímabilinu.




• Lækkun tekna og gjalda á milli árána 2020 og 2021 er vegna þess að rekstur Öldrunarheimila Akureyrarbæjar flyst til ríkisins.

Skipting tekna (þ.kr.)



Þúsund kr. á hvern íbúa

● Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó ● Tekjur







Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Veltufé frá rekstri


Veltufé frá rekstri

- Veltufé frá rekstri gefur til kynna hve miklu handbæru fé reksturinn hefur skilað á árinu og hægt er að ráðstafa til fjárfestinga og niðurgreiðslu skulda.
- Áætlað er að veltufé frá rekstri aukist jafnt og þétt frá árinu 2020.
- Á árinu 2022 er áætlað að veltufé frá rekstri verði 3.205 m.kr. eða 11,7% af heildar-tekjum.
- Heildarfjárfestinar á tímabilinu 2022-2025 eru áætlaðar 14.968 m.kr.





Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Lántaka



Afborganir langtímaskulda

- *Langtímalán* eru lán til lengri tíma en eins árs.
- *Skammtímalán* eru lán til eins árs eða skemur þ.á.m. næsta árs afborganir langtímalána.
- Gert er ráð fyrir hækkun veltufjár frá rekstri út áætlunartímann og afborganir langtímalána hækki.
- Á árunum 2022-2025 er gert ráð fyrir auknum lántökum vegna fjárfestinga.



Ný lántaka 2022-2025

7.653



Afborganir lána 2022-2025


7.517



Fjárhagsáætlun A- og B-hluta - Skuldahlutfall

Skuldahlutfall

- *Skuldahlutfall* er hlutfall heildarskulda af heildartekjum.
- *Skuldaviðmið skv. reglugerð* er skuldahlutfall að frádregnum ákveðnum skuldbindingum sem heimilt er að taka út fyrir skuldahlutfall og er því nokkru lægra.
- Skuldaregla sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 kveður á um að *skuldaviðmið* samstæðu séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum.
- Skuldareglan hefur verið afnumin til ársins 2023 vegna efnahagskreppu í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19.
- Hækkun skuldahlutfallsins milli ára 2020 og 2021 er vegna þess að Akureyrarbær rekur ekki lengur hjúkrunarheimilin og heildartekjur bæjarins því lægri en áður og það veldur nokkurri hækkun hlutfallsins.



Skuldahlutfall 2022

138%

Skuldaviðmið 2022

102%



Fjárhagsáætlun A- og B-hluta

Samantekið yfirlit yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi.


Rekstrarreikningur	2019 - Raun	2020 - Raun	2021 - Útkomuspá	2022 - Áætlun	2023 - Áætlun	2024 - Áætlun	2025 - Áætlun
▲ Tekjur	27.179	27.614	25.390	27.297	28.417	29.657	31.314
Gjöld	25.560	27.641	24.387	26.075	26.551	27.304	28.473
Fjármagnsliðir	-1.126	-1.583	-2.001	-1.801	-1.654	-1.694	-1.707
Tekjuskattur	-30	-2	-45	-45	-45	-55	-56
Rekstrarniðurstaða	463	-1.612	-1.042	-624	167	604	1.077
Efnahagsreikningur							
Eignir	56.439	78.510	79.078	78.675	80.744	82.514	86.241
Eigið fé	26.434	25.063	24.316	23.690	23.855	24.456	26.524
Skuldir og skuldbindingar	30.005	34.341	36.468	37.688	39.633	40.413	40.739
Sjóðstreymi							
Veltufé frá rekstri	2.974	2.312	2.748	3.205	3.717	4.233	4.825



Stöðugildi

- Athugið að um heildarstöðugildafjölda er að ræða. Ekki er búið að draga frá vinnuskóla og önnur atvinnutengd úrræði eins og gert er í ársreikningi.
- Til vinnumarkaðsúrræða flokkast vinnuskóli og atvinnuáttak.
- Starfsmenn Hlíðarfjalls eru inni í stöðugildafjölda æskulýðs- og íþróttamála.
- Til umhverfis- og mannvirkjasviðs flokkast starfsmenn sviðsins í aðalsjóði auk félagslegra íbúða.
- Í stjórnslu og skipulagsmálum er gert ráð fyrir tímabundinni aukningu stöðugilda vegna skipulagsbreytinga.
- Akureyrarbær hætti rekstri Öldrunarheimila 30. apríl 2021.

Þróun stöðugilda - A- og B-hluti





Málaflokkur	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Málefni fatlaðra	198	204	207	210	240	272
Önnur félagsþjónusta	89	94	99	105	97	101
Vinnumarkaðsúrræði	39	39	45	61	54	54
Leikskólar	219	228	225	226	242	252
Grunnskólar	415	424	434	438	431	426
Önnur fræðslustarfsemi	45	47	49	48	46	46
Menningar- og atvinnumál	27	27	28	27	27	25
Æskulýðs- og íþróttamál	68	73	75	73	74	74
Slökkvilið	27	27	30	31	30	34

Málaflokkur	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Umhverfis- og mannvirkjasvið	23	24	26	27	26	26
Stjórnslu og skipulagsmál	53	54	54	56	53	55
Umhverfismiðstöð og bif. sj.	36	36	36	36	36	36
Strætisvagnar Akureyrar	17	18	17	16	18	21
Hafnasamlag Norðurlands	13	14	16	15	15	19
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	219	215	223	226	69	0
Norðurorka	66	68	71	71	71	72
Samtals stöðugildi	1.552	1.591	1.632	1.666	1.529	1.513



Fjárhagsáætlun A- og B-hluti - Rekstrarjöfnuður



Samkvæmt 13. grein reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, viðmið um jafnvægi í rekstri, skal sveitarstjórn sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil verði ekki hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja. Í því felst að samanlögð rekstrarniðurstaða samkvæmt ársreikningi fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.



Framkvæmdayfirlit 2022-2025


Framkvæmdir



- Á árinu 2022 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 3.362 m.kr. og heimild til lántöku að fjárhæð 1.468 m.kr. sbr. sjóðstreymisyfirlit.



- Á áætlunartímabilinu öllu er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 14.968 m.kr.




Framkvæmdayfirlit	2022	2023	2024	2025	Samtals
Fasteignir Akureyrarbæjar	1.408.000	1.595.000	1.490.000	1.275.000	5.768.000
Framkvæmdamiðstöð Akureyrar	30.000	40.000	40.000	40.000	150.000
Eignasjóður gatna o.fl.	390.000	686.000	539.000	519.000	2.134.000
Sveitarsjóður A-hluti	1.828.000	2.321.000	2.069.000	1.834.000	8.052.000
Félagslegar íbúðir	75.000	200.000	245.000	315.000	835.000
Strætisvagnar Akureyrar	55.000	45.000	0	45.000	145.000
Bifreiðastæðasjóður Akureyrar	31.000	25.000	20.000	20.000	96.000
Hlíðarfjall - ýmis tæki	45.000	55.000	10.000	10.000	120.000
Hafnasamlag Norðurlands	240.743	199.500	37.500	210.000	687.743
Norðurorka	1.087.000	1.604.000	1.099.000	1.241.000	5.031.000
Fyrirtæki B-hluta	1.533.743	2.128.500	1.411.500	1.841.000	6.914.743
Samantekinn A- og B-hluti	3.361.743	4.449.500	3.480.500	3.675.000	14.966.743



Framkvæmdayfirlit Fasteigna Akureyrarbæjar 2022-2025

Fasteignir Akureyrarbæjar	2022	2023	2024	2025	Samtals
Ráðhús	50.000	300.000	600.000	800.000	1.750.000
Tjaldsvæðið Hamra - uppbygging og fráveita	15.000	10.000	0	0	25.000
Brunamál og almannavarnir	0	0	80.000	50.000	130.000
Önnur ípróttamál	3.000	0	0	130.000	133.000
Sundlaug Akureyrar innilaug	10.000	100.000	100.000	0	210.000
Félagssvæði KA	150.000	350.000	320.000	0	820.000
Skautahöll félagsaðstaða	160.000	0	0	0	160.000
Menningarmál	30.000	50.000	50.000	50.000	180.000
Önnur fræðslu- og uppeldismál	30.000	10.000	70.000	0	110.000
Síðuskóli lóð og endurbætur	10.000	120.000	0	10.000	140.000
Oddeyrarskóli lóð	120.000	0	0	0	120.000
Lundarskóli - leikskóli	0	5.000	0	65.000	70.000
Lundarskóli	370.000	0	0	10.000	380.000
Glerárskóli	320.000	350.000	0	10.000	680.000
Nýtt hjúkrunarheimili fyrir 60 íbúa	20.000	180.000	180.000		380.000


Framkvæmdaáætlun Fasteignir Ak. 2022 (m.kr)





Framkvæmdayfirlit Eignasjóðs gatna o.fl. 2022-2025

Eignasjóður gatna	2022	2023	2024	2025	Samtals
Gatnagerðargjöld	-800.000	-500.000	-700.000	-600.000	-2.600.000
Endurbygging gatna	131.000	100.000	100.000	100.000	431.000
Nýbygging gatna	440.000	448.000	610.000	480.000	1.978.000
Malbikun gatna	100.000	120.000	120.000	120.000	460.000
Gangstéttar og stígar	241.000	200.000	200.000	200.000	841.000
Ýmis verk	40.000	30.000	30.000	30.000	130.000
Umferðaröryggismál	105.000	105.000	130.000	130.000	470.000
Ýmis tæki og bifreiðar í Aðalsjóði	115.000	34.000	49.000	59.000	257.000
Miðbær, uppbygging	18.000	149.000			167.000




Nokkur verkefni næstu ára:

- Holtahverfi
- Borgarbraut og nýtt hverfi
- Tryggvabraut hringtorg
- Stígar og reiðleiðir




Framkvæmdaáætlun fyrirtækja B-hluta

Framkvæmdaáætlun fyrirtækja í B-hluta (m.kr.)



Framkvæmdir Norðurorku 2022





Aðalsjóður - málaflokkayfirlit 2022-2025

Málaflokkur	2022	2023	2024	2025
00 - Skatttekjur	19.458.000	20.370.147	21.318.315	22.340.039
02 - Félagsþjónusta	-4.863.824	-4.999.665	-5.157.409	-5.320.217
03 - Heilbrigðismál	-27.260	-27.942	-28.640	-29.356
04 - Fræðslu- og uppeldismál	-9.149.164	-9.333.910	-9.627.703	-9.930.835
05 - Menningarmál	-964.084	-988.413	-1.013.364	-1.038.953
06 - Æskulýðs- og íþróttamál	-2.338.110	-2.399.145	-2.459.902	-2.519.971
07 - Brunamál og almannavarnir	-279.870	-289.786	-300.057	-310.695
08 - Hreinlætismál	-33.335	-32.100	-30.773	-29.348
09 - Skipulags- og byggingarmál	-181.311	-186.510	-191.862	-197.373
10 - Umferðar- og samgöngumál	-1.142.497	-1.194.092	-1.272.600	-1.350.606
11 - Umhverfismál	-368.196	-377.658	-387.365	-397.325
13 - Atvinnumál	-163.185	-167.692	-172.327	-177.092
21 - Sameiginlegur kostnaður	-1.019.569	-1.050.472	-1.082.338	-1.115.198
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga	-800.000	-600.000	-600.000	-600.000
28 - Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	258.643	210.849	174.577	154.002
Aðalsjóður	-1.613.762	-1.066.390	-831.449	-522.928


Fyrirtæki í A- og B-hluta

Fyrirtæki	2022	2023	2024	2025
Fasteignir Akureyrarbæjar	511.196	635.913	692.919	734.944
Framkvæmdamiðstöð	-11.187	2.607	3.545	7.784
Eignasjóður gatna	98.961	111.055	132.473	168.233
A-hluti samtals	-1.014.793	-316.815	-2.511	388.034
Félagslegar íbúðir	-28.828	-598	1.482	328
Strætisvagnar Akureyrar (SVA)	15	69	161	275
Bifreiðastæðasjóður	39.335	40.528	42.255	44.637
Hlíðarfjall	11	14	73	195
Hafnasamlag Norðurlands bs.	141.852	174.694	287.276	388.769
Gjafasjóður ÖA	0	10	21	32
Byggingasjóður Náttúrufræðist.	122	129	136	143
Norðurorka hf.	332.206	362.638	368.238	379.727
B-hluti samtals	484.714	577.483	699.641	814.105
Millifærslur AB-hluta	-93.444	-93.444	-93.444	-124.790
A- og B-hluti samtals	-623.522	167.224	603.686	1.077.349




A-hluti

Skipting gjalda helstu málaflokkar- 2022







Þróun launakostnaðar í A-hluta







A-hluti - tekjur og útgjöld á hvern íbúa







Skatttekjur - Málaflokkur 100







- Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignaskatti, lóðarleigu og framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins.







Fasteignagjöld - skipting





- Fasteignagjöld eru innheimt af öllum fasteignum í sveitarfélaginu. Þau skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu og sorphirðugjald sem renna til aðalsjóðs og vatnsgjald og fráveitugjald sem renna til Norðurorku.
- Sorphirðugjald Akureyrarbæjar verður 42.225 kr. á hverja íbúð árið 2022.



Félagsþjónusta - Málaflokkur 102





- Félagsþjónusta samanstendur af þjónustu við fatlaða, þjónustu við börn og unglunga, þjónustu við aldraða og ýmissi annarri félagslegri þjónustu.
- Akureyrarbær hætti rekstri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar á árinu 2021.







Þjónusta við fatlað fólk





- Þjónusta við fatlað fólk samanstendur m.a. af rekstri íbúða- og þjónustukjarna, ferliþjónustu og vinnustaða fyrir fatlað fólk.
- Árið 2020 var tekið í notkun nýr búsetukjarni í Klettaborg sem leysti af hólmi herbergjasambýli.







Félagsþjónusta - Málaflokkur 102





- **Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)** er lögbundin þjónusta og búast má við aukinni ásókn í þetta form þjónustu.
- Þjónusta við börn og unglinga hefur aukist undanfarin ár. Starfsstöð barnaverndar var færð til í reikningshaldi árið 2020 og útskýrir að stórum hluta stökkið milli 2019 og 2020.







Fræðslumál - Málaflokkur 104





- Undir málaflokk fræðslumála fellur rekstur leik- og grunnskóla auk tónlistarskólans og annarrar fræðslustarfsemi.
- Í september 2021 var öllum börnum sem náð höfðu 1 árs aldri boðið leikskólapláss. Áfram er stefnt að því að bjóða öllum árgömlum börnum leikskólapláss frá hausti 2022.
- Miklar framkvæmdir í Glerárskóla og Lundarskóla undanfarin ár og opnum nýs leikskóla, Klappa fela í sér aukinn rekstrarkostnað m.a. í formi húsnæðiskostnaðar.







Grunnskólar







- Akureyrarbær rekur 10 grunnskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi nemenda árið 2022 eru um 2.700.
- Áætlaður kostnaður á hvern nemanda er 2.100 þús. kr. á ári.







Leikskólar



- Akureyrarbær rekur 9 leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla.
- Áætlaður heildarfjöldi barna á leikskólum Akureyrarbæjar árið 2022 eru 970.
- Áætlaður kostnaður Akureyrarbæjar við hvert leikskólabarn er 2.900 þús.kr. á ári
- Kostnaðarpátttaka foreldra er að meðaltali 13%.





Rekstrarkostnaður á hvern nemanda í leik- og grunnskólum







Menningarmál - Málaflokkur 105





- Til menningarmála telst ýmis menningartengd starfsemi, rekstur safna s.s. Amtsbókasafnsins og Listasafnsins sem og framlög til Menningarfélags Akureyrar, MAk.
- Árið 2020 lækkaði launakostnaður málaflokksins þegar Minjasafnið tók yfir umsjón launagreiðsla til sinna starfsmanna.







Æskulýðs- og íþróttamál - Málaflokkur 106





- Undir æskulýðs- og íþróttamál fellur m.a. rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar, styrkir til íþróttafélaga, rekstrarframlög til Hlíðarfjalls, rekstur félagsmiðstöðva, forvarnarstarfsemi og vinnuskólinn.
- Aðsókn í Sundlaug Akureyrar féll milli 2019 og 2020 vegna COVID-19.







Brunamál og almannavarnir - Málaflokkur 107





- Slökkviliðið annast brunavarnir, sjúkraflutninga og sjúkraflug, björgunarstörf og almannavarnir.







Umferðar- og samgöngumál - Málaflokkur 110





- Til Umferðar- og samgöngumála heyrir m.a. rekstrarframlag til Strætisvagna Akureyrar, snjómokstur og leiga og viðhald gatna.
- Í kjölfar skipulagsbreytinga árið 2018 fluttust starfsmenn Fasteigna Akureyrarbæjar undir þennan málaflokk.







Umhverfismál - Málaflokkur 111







- Umhverfismál samanstanda m.a. af umhirðu bæjarlandsins, s.s. slætti og hreinsun gatna, Lystigarðinum og framlögum til Skógræktarfélags Eyfirðinga sem annast útivistarsvæðið í Kjarnaskógi.







Umhverfið okkar - ýmis mál







Sameiginlegur kostnaður - Málaflokkur 121





- Sameiginlegur kostnaður er stjórnsýsla sveitarfélagsins, bæjarstjórn og starfsemi fjársýslusviðs og stjórnsýslusviðs sem veitir ýmsa innri og ytri stoðþjónustu við svið og stofnanir sveitarfélagsins.







Fasteignir Akureyrarbæjar - 3100





- Fasteignir Akureyrarbæjar er eignasjóður sem annast nýbyggingar, viðhald og rekstur fasteigna bæjarins. Leigutekjur sjóðsins koma að lang stærstu leyti frá rekstrareiningum innan aðalsjóðs, m.a. vegna skóla og íþróttamannvirkja.







Umhverfismiðstöð - 3300




- Umhverfismiðstöð er fyrirtæki í eigu Akureyrarbæjar og flokkast með A-hluta.
- Umhverfismiðstöð annast hirðingu bæjarins, slátt, þrif, skreytingar og snjómokstur.
- Tekjur Umhverfismiðstöðvar koma að stærstum hluta frá aðalsjóði.







Félagslegar íbúðir - 4300




- Félagslegar íbúðir er B-hluta fyrirtæki sem annast rekstur og viðhald leiguíbúða sveitarfélagsins.
- Leiguíbúðir eru um 330.
- Úthlutun leiguíbúða tilheyrir félagsþjónustu.







Strætisvagnar Akureyrar - 4500




- Strætisvagnar annast rekstur almenningssamgangna, bæði strætisvagna og ferlipjónustu.
- Almenningsamgöngur Akureyrarbæjar eru gjaldfrjálssar.
- Rekstrarframlög Strætisvagna koma frá félagsþjónustu og umferðar- og samgöngumálum.






Hlíðarfjall - 4800

Rekstrarframlög frá Aðalsjóði




Tekjur




- Hlíðarfjall annast rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
- Hlíðarfjall er rekið með þjónustutekjum og framlögum úr Aðalsjóði.

Skipting gjalda - áætlun 2022





Laun





Hafnasamlag Norðurlands - 4900



- Hafnasamlagið annast rekstur hafnanna á Akureyri, Hjalteyri, Hrísey, Grímsey, Grenivík og Svalbarðseyri.
- Tekjur Hafnasamlagsins drógust saman á árinu 2020 vegna hruns í komu skemmtiferðaskipa.

